



FYRIRSPURN

Fundur mannréttinda- og ofbeldisvararráðs 25. ágúst 2022: Fyrirspurn Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands:

Hefur verið ráðist í greiningu á efnahagslegum ójöfnuði í Reykjavík? Hefur verið greint hvort hann hafi aukist eða minnkað á síðustu tíu árum? Hefur verið greint hvað borgin geti gert til þess að stuðla að meiri jöfnuði? Efnahagslegur ójöfnuður hefur tengsl við margar slæmar félagslegar afleiðingar og viðheldur fátækt að stóru leyti. Þess vegna er mikilvægt að við vitum hvort að borgin hafi fylgst með ójöfnuði innan borgarmarka. Ef að úttektir eða skýrslur hafa verið gerðar er óskað eftir því að þær fylgi með í svarinu. Jafnframt er óskað eftir því að aðgerðaráætlanir og aðgerðir sem kunna að hafa verið framkvæmdar verði settar fram með svarbréfinu. MSS22080187